

Fundargerð 326. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 16. september 2025
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna. Oddviti benti á að fundardagskrá hafi birst á heimasíðu Flóahrepps 15.09.2025 en að fundartími og dagsetning hafi verið auglýst á heimasíðu þann 09.09.2025. Fundarboð, dagskrá og fundargögn bárust aðal- og varamönnum föstudaginn 12. september. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að fundurinn fari fram. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 309, dags. 10.09.2025:

a) Hnaus 2 L192333; Mosató 3 L225133; Breytt byggingamagn og ný lóð;

Deiliskipulagsbreyting – 2506071

Lögð er fram að nýju tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Hnaus 2 L225132 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingareit innan lóðar Mosató 3 L225133 er hnikað til fyrir bílageymslu og reit hagrætt. Þá eru smáhýsi felld út innan lóðar og byggingarmagn minnkar um 240 fm ofan jarðar og hótélherbergjum fjölgar um 4. Einnig eykst byggingarmagn um 700 fm neðan jarðar og verður byggingin neðanjarðar og því ekki sýnileg.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi fyrir Hnaus 2 L225132 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Með breytingunni er byggingareit innan lóðar Mosató 3 L225133 hnikað til fyrir bílageymslu og reit hagrætt. Þá eru smáhýsi felld út innan lóðar og byggingarmagn minnkar um 240 fm ofan jarðar og hótélherbergjum fjölgar um 4. Einnig eykst byggingarmagn um 700 fm neðan jarðar og verður byggingin neðanjarðar og því ekki sýnileg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Ferjunes 2 land 2 L213234; Byggingarheimild; sumarhús – 2508091

Móttækin var umsókn þann 28.08.2025 um byggingarheimild að flytja 42,5 m² sumarhús á landið Ferjunes 2 land 2 (L213234) í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja erindið, þar sem að undirskriftir allra landeigna sem eiga lóðir að tilvonandi byggingu liggja fyrir. Málinu vísað til byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt erindi um byggingarheimild til að flytja 42,5 m² sumarhús á landið Ferjunes land 2 L213234. Undirskriftir allra landeigna sem eiga lóðir að tilvonandi byggingu liggja fyrir þar sem fram kemur samþykki aðliggjandi landeigenda vegna fyrirhugaðar byggingar á litlu íbúðarhúsi á lóð Ferjunesi 2 land 2 L213234. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Kríumýri L166232; Aukið byggingamagn; Deiliskipulagsbreyting – 2508095

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Kríumýrar L166232 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að heimilt byggingamagn á byggingarreit 2 er aukið úr 200 fm í 350 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Kríumýri L166232 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Með breytingunni verður heimilt byggingamagn á byggingarreit 2 aukið úr 200 fm í 350 fm.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Merkurhraun 1 L173885; Skipulag; Fyrirspurn – 2508075

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Merkurhrauns 1 L173885 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni felst hvort heimilt sé að gera deiliskipulag fyrir landið til að reisa þar sumarhús.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í fyrirspurnina sem tekur til um 3 ha lands inn af frístundahúsasvæðinu í Merkurhrauni. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með fyrirspyrjanda þar sem í dag er landnotkun svæðisins landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins og í gildi er deiliskipulag frá 2012.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Vatnsendi land L216103; Úr íbúðabyggð í landbúnaðar og skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2509010

Lögð er fram umsóknum að breyta íbúðabyggðinni ÍB8 í Landbúnaðar og skógræktarsvæði á þeim hluta sem skilgreindur er sem íbúðabyggð á Vatnsenda L216103. Sveitarfélagið hefur nú þegar gefið út framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt á þeim helmingi landsins sem skilgreindur er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytingar á landnotkunarflokkum, úr íbúðabyggð ÍB8 í landbúnaðar og skógræktarsvæði verði vísað í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa framlagðri tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytingar á landnotkunarflokkum, úr íbúðabyggð ÍB8 í landbúnaðar og skógræktarsvæði í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 233, dags. 03.09.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá Sveitarfélaginu Árborg – Færslur á sveitarfélagamörkum og sameiningarmál
Fyrir liggur erindi frá Sveitarfélaginu Árborg er varðar óskir um formlegt samtal á milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um mögulega tilfærslu sveitarfélagamarka til austurs við Selfoss. Í erindinu lýsir Sveitarfélagið Árborg sig jafnframt tilbúið til að skoða ávinning sameiningar sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn hafnar ósk Sveitarfélagsins Árborgar um færslu á sveitarfélagamörkum austan við Selfoss en tekur jákvætt í

áframhaldandi uppbyggingu þéttbýlisins til austurs og lýsir yfir vilja til samstarfs og samninga sveitarfélaganna um skipulagsmál og þjónustu við svæðið. Sveitarstjórn hvetur landeiganda til þess að hefja vinnu við deiliskipulag þess hluta svæðisins sem liggur við nýjan hringveg um Ölfusá, sem í aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem verslunar og þjónustusvæði. Bent er á að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Flóahrepps stendur nú yfir og mun skipulag á sveitarfélagamörkum falla undir þá vinnu. Sveitarstjórn óskar eftir því að haldinn verði sameiginlegur fundur fulltrúa bæjar- og sveitarstjórna sveitarfélaganna með skipulagsfulltrúum til að ræða málið.

Með þessari ákvörðun telur sveitarstjórn að verið sé að gæta hagsmuna íbúa Flóahrepps. Ljóst er að veruleg verðmæti felast í landinu, einkum með tilliti til tekjuöflunar í formi fasteignagjalda af skilgreindu verslunar og þjónustusvæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki að almennir hagsmunir íbúa Flóahrepps séu betur tryggðir með sameiningu sveitarfélaganna að óbreyttu. Flóahreppur sinnir lögbundinni þjónustu við íbúa sína ýmist innan sveitarfélags, í byggðasamlögum eða samstarfsverkefnum og veitir góða almenna nærþjónustu. Samanburður á rekstri sveitarfélaganna 2024 sýnir að skuldahlutfall og skuldir á hvern íbúa eru umtalsvert hagstæðari í Flóahreppi en í Árborg. Sameining myndi því leiða til margfaldrar skuldaaukningar á hvern íbúa Flóahrepps.

Sveitarstjórn hyggst skoða þann möguleika að leggja fyrir íbúakönnun samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2026 þar sem könnuð verður afstaða íbúa til sameiningar og mismunandi sameiningarkosta. Ekki verði um bindandi íbúakönnuð að ræða heldur könnun á meðal kosningabærra íbúa sveitarfélagsins. Sú vinna myndi nýtast til frekari greininga að loknum kosningum 2026. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarfélögum undir 1.000 íbúum, innan árs frá sveitarstjórnarkosningum, að hefja annaðhvort formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119 gr. laganna eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og þau tækifæri sem felast í hugsanlegri sameiningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

4. Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps - Lýsing á skipulagsverkefni og íbúafundur

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 sem unnin er af Landmótun í samráði við sveitarstjórn og skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða lýsingu til auglýsingar vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn ásamt Landmótun munu standa fyrir opnu húsi á kynningartíma lýsingarinnar þar sem lýsingin verður kynnt ásamt því að boðið verður upp á umræður í vinnuhópum. Sveitarstjóra falið að finna hentugan tíma fyrir opið hús og auglýsa á heimasíðu og helstu miðlum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Almari Sigurðssyni og Svanhvíti Hermannsdóttur – Girðing milli Þingborgar og Lambastaða

Fyrir liggur erindi frá Almari Sigurðssyni og Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem þau fara fram á að girðing á landamerkjum verði endurnýjuð vorið 2026 með fjárheldri girðingu og að landeigendur skipti með sér kostnaði sbr. 5. gr. girðingalaga nr. 135/2001.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að gerð verði fjárheld girðing, sex strengir á hæð með gaddavir efst og neðst. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt þá tillögu að landeigendur Lambastaða sjái um niðurrif á núverandi girðingu og framkvæmd við að girða en að Flóahreppur leggi til efni og hnitsetji hornpunkta. Samhliða þessum framkvæmdum samþykkir sveitarstjórn að sveitarfélagið færi girðingu á milli Lambastaða land 2 L199638, sem er í eigu sveitarfélagsins, og Lambastaða land 1 L199637 þannig að hnitsettur hornstaur verði á

mörkum þessara landa, vestanmegin við leikskólann Krakkaborg og tengist við núverandi girðingu meðfram Þingborg L166286.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Stígamótum – styrkbeiðni

Fyrir liggur erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi fyrir árið 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og samþykkir að vísa ósk um fjárstuðning til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu

Á vofundi Brunavarna Árnassýslu bs. dags. 28.04.2025 samþykkti stjórn Brunavarna Árnassýslu að fela slökkviliðsstjóra og stjórn Brunavarna að vinna að fjármögnun fyrir fjárfestingum ársins 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Árnassýslu hjá Landsbankanum, kt. 471008-0280, í formi lánalínu að höfuðstól allt að kr. 180.000.000, með lokagjaldþaga þann 01.07.2026, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til greiðslu höfuðstóls láns þessa, ásamt vöxtum og verðbótum auk hvers kyns innheimtukostnaðar. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til byggingar slökkvistöðvar á Flúðum í Hrunamannahreppi og kaupa á tankbíl fyrir slökkvistöðina í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að selja ekki eignarhlut sinn til einkaaðila, í heild eða að hluta, fram til þess tíma að lán þetta er að fullu greitt.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið til þess að tryggja að samhlíða yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Huldu Kristjánsdóttur, kennitala 300184-3249, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánssamning við Landsbankann sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Viðbygging við Flóaskóla – Áfangi II

Sveitarfélaginu hafa borist verð vegna stækkunar á Flóaskóla, áfanga II. Verðfyrirspurn var send á þrjá aðila og brugðust tveir aðilar við og sendu inn verð í forhönnun, aðaluppdrætti og helstu séruppdrætti.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við M2 Teiknistofu vegna áfanga II í Flóaskóla. Gert er ráð fyrir að aðaluppdrættir verði tilbúnir í desember 2025 og að séruppdrættir og verkfræðiteikningar verði unnar frá janúar-maí. Stefnt er að því að jarðvinna vegna viðbyggingar hefjist eigi síðar en í júní 2026. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við M2 Teiknistofu og vinna málið áfram í samráði við bygginganefnd Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands – Erindi á sveitarstjórnir og skipulagsyfirkvöld

Fyrir liggur bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands sem óskað er eftir að berist til skipulagsyfirkvalda og sveitarstjórna í landinu. Með bréfinu er áréttuð lagaleg staða og ábyrgð sveitarfélaga í skipulagsmálum og réttur almennings til skýrra upplýsinga um takmarkanir á váttryggingarvernd og bótarétti skv. 16. gr. laga nr. 55/1992 þegar byggt er á svæðum með fyrir fram þekkta náttúruvá, einkum vegna vatns- og sjávarflóða.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar bréfi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands til umræðu í skipulagsnefnd og hjá skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn vísar bréfinu einnig til vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins enda ljóst að hluti sveitarfélagsins er á þekktu jarðskjálfta- og flóðasvæði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 325, dags. 02.09.2025
- b) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 127, dags. 22.08.2025
- c) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 87, dags. 20.06.2025
- d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 983, dags. 29.08.2025
- e) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 83, dags. 20.06.2025
- f) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 18, dags. 09.09.2025

11. Efni til kynningar

- a) Vetrarstarf Félagsmiðstöðvarinnar Zone 2025-2026
- b) Frá Jafnréttisstofu – Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu
- c) Frá Háskólafélagi Suðurlands – Vinnustofa KPMG um gervigreind og nýsköpun
- d) Frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga – Bókun SASS vegna málefna Íslenska bæjarins
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. október kl. 17:00

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson

Hulda Kristjánsdóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson